



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Starfsárið 2014 - 2015

Ég býð ykkur velkomin til þriðja ársfundar stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja. Síðasti fundur var haldinn fyrir nákvæmlega ári síðan og ég ætla að gera stuttlega grein fyrir starfi stjórnar frá þeim tíma. Stjórnina skipuðu á starfsárinu:

- Undirritaður (Ólafur Þór Ólafsson) var skipaður nýr fulltrúi Sandgerðisbæjar eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar og tók þar með við stjórnarformennsku af Sigrúnu Árnadóttur.
- Erla Ósk Pétursdóttir var fulltrúi S.S.S. í stjórn en lét af því embætti að eigin ósk nú á vormánuðum og tók Jóna Rut Jónsdóttir við af henni.
- Halldór P. Halldórsson er fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Sverrir Guðmundsson er fulltrúi Keilis.
- Gunnar Þór Hallgrímsson var fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands en nú fyrir nokkrum dögum var Björk Guðjónsdóttir skipuð í hans stað.

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Hólmfríður Skarphéðinsdóttir
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Hjálmar Árnason
- Hólmfríður Skarphéðinsdóttir ☺

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á starfsárinu, utan ársfundar, og voru verkefni fjölbreytt. Samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið var endurnýjaður á árinu. Fyrri samningur gildi út árið 2014 og var nýr samningur undirritaður þann 18. desember. Samningurinn er í öllum meginatriðum óbreyttur.

Stjórn samþykkti stefnu Þekkingarsetursins í lok september. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að Þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla

að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Ég mun nú segja því helsta í starfsemi Þekkingarsetursins á síðasta ári, í samhengi við markmið setursins.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir Þekkingarsetursins og sjá að mestu leyti um rannsóknahluta þess. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Helstu verkefni Náttúrustofunnar voru rannsóknir á vistfræði fjara og fæðuvali vaðfugla, vöktun ýmissa fuglategunda, rannsóknir á fuglaflensu ásamt fiðrildavöktun og vöktun skólpmengunar á Suðurnesjum.

Helstu verkefni Rannsóknaseturs HÍ voru áframhaldandi rannsóknir á áhrifum olíumengunar á sjávarlífverur á norðurslóðum, rannsóknir á grjótkrabba og öðrum krabbategundum við Ísland, vöktun og rannsóknir á kræklingalirfum við Suðvesturland og söfnun svampa og annarra botnfastra sjávarhryggleysingja í samstarfi við Lyfjafræðideild HÍ svo eitthvað sé nefnt.

Þróunarverkefni um uppbyggingu rannsóknastöðvar Þekkingarsetursins lauk í lok árs 2014. Ráðherranefnd um atvinnumál styrkti verkefnið um 20 milljónir króna til tveggja ára og var eitt af markmiðunum að rannsóknastöðin yrði sjálfbær að þessum tveimur árum liðnum. Tveir líffræðingar voru ráðnir og er annar þeirra starfandi í rannsóknastöðinni í dag. Vel hefur gengið að afla styrkja og þjónustuverkefna til áframhaldandi reksturs og er starfsemin tryggð út árið 2015 hið minnsta. Fjallað verður um hluta verkefna rannsóknastöðvarinnar síðar á fundinum.

Þekkingarsetrið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða líffræðing, Hermann Dreka Guls, í sumarverkefni þar sem mismunandi geymsluaðferðir fisks voru rannsakaðar. Garðar Magnússon, skipstjóri frá Njarðvík, kom með hugmyndina að verkefninu til okkar og var það unnið í samstarfi við hann og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumann Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Hermann Dreki hefur nú verið ráðinn til starfa hjá Rannsóknasetrinu.

Rannsóknastaða Þekkingarsetursins var ágætlega nýtt á árinu. Í byrjun árs voru tvær rannsóknir frá Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum yfirstandandi og lauk þeim á árinu. Við tók rannsókn á möguleikum humareldis á Íslandi sem nánar verður fjallað um síðar á fundinum. Þekkingarsetrið er aðili að rannsókninni ásamt Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og stendur hún enn yfir. Stolt Seafarm nýtti auk þess aðstöðuna til rannsókna undir lok árs í fyrra. Gistinóttum vísindamanna fækkaði frá árinu 2013 en gistiaðstaðan var þó nýtt við hefðbundin verkefni, fuglafræðirannsóknir og móttöku nemendahópa frá Háskóla Íslands sem dæmi. Þá dvaldi spænski vísindamaðurinn Julio Parapar hér í nokkrar vikur síðasta sumar við rannsóknir og kemur hann aftur í ár.

Þekkingarsetur Suðurnesja, ásamt stoðstofnunum þess, varð í fyrra aðili að INTERACT sem er alþjóðlegt net rannsóknastöðva á norðlægum slóðum. Meginhlutverk þess er að byggja upp aðstöðu og þekkingu til að skilgreina og bregðast við umhverfisbreytingum á norðlægum slóðum. Í aðild þekkingarsetursins að INTERACT felast margskonar tækifæri fyrir starfsemi og rekstur setursins og stoðstofnana þess, auk samstarfsmöguleika við fjölmarga erlenda vísindamenn og rannsóknastofnanir á norðurslóðum.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Fyrsti ársfundur þekkingarsetra og sambærilegra stofnana var haldinn hér í þekkingarsetri Suðurnesja 13. febrúar í fyrra. Þekkingarsetur og sambærilegar stofnanir er að finna víðsvegar um landið. Það elsta var stofnað árið 2003 á Húsavík, þekkingarnet Austurlands, og síðan bættust þau við eitt af öðru á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Þekkingarsetur Suðurnesja er í hópi yngstu setranna ásamt þekkingarsetrinu á Blönduósi og Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Setrin eru orðin átta talsins. Á þessum fyrsta ársfundi fengu menn meðal annars að kynna starfsemi hvers seturs fyrir sig, sérstaklega með tilliti til rannsóknastarfs. Þá var farin skoðunarferð um þekkingarsetur Suðurnesja.

Codland, Keilir og þekkingarsetur Suðurnesja gerðu með sér samkomulag í byrjun apríl á síðasta ári sem miðar að verðmætasköpun í sjávarútvegi með því að tengja saman mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki í sjávarútvegi.

Í lok maí 2014 varð þekkingarsetrið svo formlegur aðili að Reykjanes jarðvangi en samstarf við jarðvanginn hefur verið talsvert.

Ár hvert koma hingað nemendahópar frá líffræðideild Háskóla Íslands þar sem verkleg kennsla í nokkrum námskeiðum fer fram í rannsóknastöðu þekkingarsetursins, á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Í fyrra komu nemendur í eiturefnavistfræði, fuglafræði og áfanganum sjávarhryggleysingjar hingað til náms. Halldór Pálmar, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ, kennir svo fleiri áfanga við Háskólann. Meistara- og doktorsnemar sem unnu að lokaverkefnum sínum hjá þekkingarsetrinu á árinu voru 8 talsins.

Í júní í fyrra fengum við skemmtilega og öðruvísi heimsókn nemenda þegar hópur frá Listaháskóla Íslands kom til okkar ásamt tveimur kennurum. Tilgangur heimsóknarinnar var að taka upp hljóð í sjávardýrum en hópurinn var á ferð um Reykjanesið þar sem tekin voru upp margvísleg hljóð úr íslenskri náttúru.

Símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir

Árið 2014 voru 5 námskeið haldin í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samstarfinu er þannig háttað að setrið skipuleggur og heldur námskeiðin en MSS sér um markaðssetningu og skráningu á þau. Námskeiðin voru eftirfarandi: Framhaldsnámskeið í fluguhnýtingum, Fjörunytjar, Gæsaflautun, sem sló öll aðsóknamet, Íslenskar lækningajurtir og silfurnámskeið-sandsteypa. Tvö námskeið til viðbótar féllu niður vegna dræmrar þátttöku.

Í byrjun febrúar tóku líffræðingar Þekkingarsetursins og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum þátt í mjög vel heppnaðri starfsgreinakynningu sem var haldin fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á Suðurnesjum. Lifandi sjávardýr voru með í för og vöktu þau eiginlega meiri athygli en líffræðingarnir sjálfir 😊

Þekkingarsetrið er hluti af Menntateymi Sjávarklasans á Suðurnesjum og fundaði teymið hér í setrinu í byrjun maí í fyrra með fulltrúum fyrirtækja í haftengdri starfsemi í Sandgerði og Garði. Menntateymið skipa fulltrúar Fisktækniskóla Íslands, Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Keilis, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Þekkingarseturs Suðurnesja. Teymið hafði áður fundað með fyrirtækjum í Grindavík og Reykjanesbæ og er markmiðið með þessum fundum, og heimsóknum í fyrirtækin á eftir, að efla tengsl og möguleika á samstarfi þessarar rannsókn- og menntastofnana og sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja er aðili að samstarfsverkefni Sandgerðisbæjar með finnska sveitarfélaginu Mänttä-Vilppula, en verkefnið er styrkt af Comenius Regio hluta Menntaáætlunar ESB. Markmið verkefnisins er að tengja betur saman skóla og stofnanir sveitarfélaganna með sérstaka áherslu á náttúrufræði og listir. Í lok apríl í fyrra var annar fundur verkefnisins haldinn og fóru þá fulltrúar stofnananna hér í bænum í heimsókn til Finnlands. Verkefnið er til tveggja ára og lýkur nú í sumar.

Sýningar, heimsóknir og uppákomur

Sýningum Þekkingarsetursins bárust nokkrar veglegar gjafir í fyrra. Í júní barst glæsileg viðbót við sýninguna Heimskautin heilla. Hermann Jónasson, fyrrverandi lögreglustjóri og forsætisráðherra, fékk málverk af Jean-Baptiste Charcot að gjöf frá listmálaranum sjálfum um það leyti sem rannsóknaskip Charcot fórst við strendur Íslands árið 1936. Málverkið er tölusett og áritað til Hermanns. Steingrímur Hermannsson, sonur Hermanns og fyrrverandi forsætisráðherra, fékk verkið síðar frá föður sínum og hefur það verið í eigu fjölskyldu hans í áratugi. Edda Guðmundsdóttir, ekkja Steingríms, afhenti Þekkingarsetrinu verkið til varðveislu.

Setrinu barst önnur glæsileg gjöf síðasta sumar þegar Einar Ólafsson gaf náttúrugripasýningunni stóra skjaldbökuskel frá Grænhöfðaeyjum.

Þann 16. september, í tilefni þess að 78 ár voru liðin frá frá strandi franska rannsóknaskipsins Pourquoi-Pas? við Mýrar árið 1936, barst sýningunni Heimskautin heilla svo önnur göf sem er áttaviti úr skipinu. Þáverandi sendiherra Frakklands á Íslandi, Marc Bouteiller, færði sýningunni gjöfina. Stjórn Þekkingarsetursins færir þessum aðilum kærar þakkir fyrir gjafirnar.

Unnið var að því að ganga frá samkomulagi um rekstur sýningarinnar Heimskautin heilla, sem er samstarfsverkefni Sandgerðisbæjar, Háskóla Íslands og fjölskyldu Jean-Baptiste Charcot. Málið er enn í vinnslu en stefnt er að því að skrá yfir safnmuni verði unnin í sumar og gengið frá samkomulaginu í framhaldi af því.

Þekkingarsetrið tók þátt í Heilsu- og íþróttaviku Sandgerðisbæjar með sögugöngu um bæinn, Safnahelgi á Suðurnesjum og Sandgerðisdögum með ókeypis aðgangi að sýningum. Mörg hundruð gestir heimsækja sýningarnar á þessum dögum á hverju ári. Fjöldi gesta á sýningar dróst aðeins saman á milli áráanna 2013 og 2014 og er það áhyggjuefni. Árið 2013 heimsóttu rétt rúmlega 3.000 manns Þekkingarsetrið en rúmlega 2.700 í fyrra. Þar af var fjöldi erlendra ferðamanna mjög lítill. Vonir standa til þess að í samvinnu við Sandgerðisbæ, Atvinnuþróunarfélagið Hekluna, Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes jarðvang náist að snúa þessari þróun við. Hér verður þó að hafa hugfast að Þekkingarsetrið er rekið á lágmarks fjárframlögum og því lítið svigrúm til að leggja fé í kynningar- og markaðsstarf.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi Þekkingarsetursins á síðasta ári. Tveir líffræðingar létu af störfum, Sunna Björk Ragnarsdóttir færði sig yfir til Náttúrustofu Suðvesturlands þar sem hún hefur verið staðgengill forstöðumanns síðan í febrúar 2014 og Íris Mýrdal Kristinsdóttir hóf meistaranám við Háskólann í Osló í september. Við þökkum þeim kærlega vel unnin störf í þágu Þekkingarsetursins. Um miðjan ágúst fór Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður setursins í fæðingarorlof og hefur verið í hlutastarfi síðan. Eydís Mary Jónsdóttir var ráðin í hálfstarf til að leysa hana af fram á sumar. Hjá setrinu starfa í dag fimm starfsmenn í þremur og hálfu stöðugildi.

Þekkingarsetrið hlaut nokkuð marga styrki á síðasta ári, sem flestir verða þó nýttir til reksturs rannsóknastöðvar setursins á þessu ári. Í apríl úthlutaði Umhverfissjóður Fríhafnarinnar setrinu 300.000 kr. til fjörrannsóknna. Þá fékk setrið 250.000 kr. styrk úr Samfélagssjóði Landsbankans til rannsókna á vistfræði fjara á Reykjanesskaganum. Þekkingarsetrið hlaut tvo styrki úr Menningarsjóði Suðurnesja, annars vegar styrk til reksturs sýninga setursins og hins vegar styrk til að gera texta sýningarinnar Heimskautin heilla barnvænni í formi teiknimyndasögu. Sagan er tilbúin og verður fljótlega komið í gagnið. Undir lok árs fékk Þekkingarsetrið svo styrk að upphæð kr. 1.000.000,- frá Vaxtasamningi Suðurnesja vegna verkefnisins "Fjörur á Reykjanesi, vannýtt auðlind í ferðaþjónustu. Samstarfsaðilar vegna þessa verkefnis eru Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknarsetur HÍ á Suðurnesjum, Markaðsstofa Reykjaness, Reykjanes jarðvangur og Hópfærðir Sævars Baldurssonar.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 á fundi sínum í nóvember 2014. Áætlaðar tekjur ársins eru tæpar 34 milljónir. Samkvæmt fjárlögum ríkisins fær setrið 16,5 milljón króna fjárframlag. Útgjöld eru áætluð um 800 þúsund krónum hærra en tekjurnar en hluti af rekstrarafgangi ársins 2014 verður nýttur fyrir þeim kostnaði. Eftirstöðvar rekstrarafgangar eru settar í sjóð til að standa straum af óvæntum fjárútlátum.

Ólafur Þór Ólafsson

Stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja